

72.Fundur Íþróttta- og æskulýðsnefndar var haldinn í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar.

Fimmtudaginn 7. maí 2015 kl 17.00

Á fundinn mættu:

**Rán Kristjánsdóttir, Brynja Mjöll Ólafsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Einar Hjörleifsson
Björn Hilmarsson og Ása Gunnarsdóttir**

1. Hátíðarhöld 17. júní

Undirbúningur er í gangi hjá Sigrúnu. Verður með hefðbundnu sniði, Landsbankahlaup um morguninn, hoppukastalar ofl. Kári í Frystiklefanum kemur að þessar vinnu. Verið að kasta hugmyndum á milli.

2. Frjálsíþróttaaðstaðan.

Það er verið að skoða aðstöðuna úti á Hellissandi. Búið er að ráða Erlu Lind sem þjálfara í sumar. Stefnt á 2 -3 daga í viku, ekki búið að velja þá endanlega. Ætlum að fá Erlu til að kanna með búnaðinn sem til er og hvað vanti.

3. Ungmennaráðið

Það var haldinn fundur í nýju ungmannaráði 19. mars síðastliðin. Kosið var formann ritara og meðstjórnendur. Guðlaug Íris Jóhannsdóttir formaður, Vignir Snær Stefánsson ritari, Lena Huld Örvarsdóttir og Steinþór Stefánsson meðstjórnendur. Við samþykktum fundargerðina.

4. Félagsmiðstöðin.

52 ungmenni fóru á Samfés og tókst ferðin frábærlega og voru þau til mikils sóma. Afdrep hefur gengið vel í vetur og ætla starfsmenn að halda áfram næsta vetur. Mikill þrýstingur er að fá nýtt húsnæði og verður það skoðað á næstu vikum. Krakkarnir fara í óvissuferð í mai og er mikil aðsókn í ferðina.

5. Önnur mál.

Ungmennafélagið sendi inn beiðni um að fá fleiri tíma í Íþróttahúsini á laugardögum næsta vetur.

Fundi var slitið kl 18.20